

Skólanámskrá

2024 – 2025



II. hluti

Nám og kennsla

4. bekkur

Umsjónarkennarar
Hildur Ósk Indriðadóttir

Lóa Björg H. Björnsdóttir

Efnisyfirlit

Bakgrunnsupplýsingar	3
Sambætting námsgreina	3
Byrjendalæsi	3
Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi	4
Námsmat	4
Íslenska	5
Stærðfræði	6
Samfélagsgreinar	7
Náttúrufræði	8
Enska	9
Tónmennt	9
Hönnun og smíði	10
Heimilisfræði	10
Myndmennt	11
Textílmennt	12
Skólaíþróttir	12
Upplýsinga- og tæknimennt	13
Fjölvægi	14

Bakgrunnsupplýsingar

Í 4. bekk eru 32 nemendur, 10 drengir og 22 stúlkur. Alls fá nemendur 30 kennslustundir á viku. Umsjónarkennrar eru Hildur Ósk Indriðadóttir og Lóa Björg H. Björnsdóttir. Stuðningsfulltrúi er Brynja Eiríksdóttir. Berglind Daðadóttir sér um sérkennslu.

Aðrir kennrar:

- Íþróttir – Freyr Brynjarsen
- Sund – Freyr Brynjarsen
- Heimilisfræði - Halldóra Ólöf Sigurðardóttir
- Textílmennt - Júlí Mjöll Jens Höru
- Smíði – Sigurbergur Bjarnason
- Myndlist - Helga Lára Haraldsdóttir
- Tónmennt – Aldís Eiríksdóttir
- Upplýsinga- og tæknimennt – Hildur Ósk og Lóa Björg
- Bókasafn - Kolbrún Alexandersdóttir

Viðmiðunarstundaskrá

Íslenska	8 tímar
Stærðfræði	6 tímar
Samfélags- og náttúrugreinar	2 tímar
Enska	2 tímar
Fjölvil	2 tímar
Smiðjur	4 tímar
Sund	1 tími
Íþróttir	2 tímar
Tónmennt	1 tími
Útikennsla	2 tímar
Samtals:	30 tímar á viku

Sambætting námsgreina

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla á nám að vera sem heildstæðast. Til þess að því verði við komið er farsælt að nýta sambættingu námsgreina. Stuðst er við kennsluaðferðir Byrjentalæsis sem miða að því að sambætta sem flestar námsgreinar. Bók eða viðfangsefni sem ætlað er einni námsgrein getur verið notuð þvert á allar greinar og aðlöguð að hverju hæfnivíðmiði fyrir sig. Námsgreinarnar fléttast saman á margvíslegan hátt.

Byrjentalæsi

Byrjentalæsi er samvirk kennsluaðferð þar sem jöfnum höndum er unnið með merkingu máls og tæknilega þætti lestrarnáms. Byggt er á kenningum lestrarfræða um áhrifarík og vönduð vinnubrögð. Kennslan felur í sér að sambætta nálgun sem nær til allra þátta móðurmálsins. Því er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld saman í eina heild í byrjentalæsi. Enn fremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, rétritun, orðaforði, setningabygging, málfræði og skrift tengdir inn í ferlið. Meginmarkmið Byrjentalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem fyrst á skólagöngu sinni. Byrjentalæsi gerir ráð fyrir því að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið, því er lögð áhersla á hópvinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt. Notaður er merkingarbær

texti og verður móðurmálsnám heildstætt að því leyti að öll vinna tengd lestri og ritun fellur undir vinnubrögð Byrjendalæsis.

Kynbundið og kynferðislegt áreiti og ofbeldi

Forvarnir og fræðsla fer fram í öllum árgöngum og er unnin upp úr skýrslu UNESCO, International technical guidance on sexuality education. Unnið er með áherslur UNESCO á hverju aldursári og farið meira á dýptina eftir því sem nemendur eldast. Áherslur 4. bekkjar eru fjölskyldur, vinátta, samskipti, synjun og samningafærni, kyn og æxlunararfæri, örugg notkun upplýsinga og venjur og áhrif jafningja.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati yfir skólaárið sem tekur mið af hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla í öllum greinum. Hæfniviðmið eru metin í gegn um verkefni og fær nemandi hæfnitákn fyrir hvert verkefni. Fleiri en eitt hæfniviðmið geta verið metin í hverju verkefni en hæfnitáknið sem nemandi fær fyrir lokið verkefni er heildarmat á öllum hæfniviðmiðum verkefnisins. Í hæfnikortið safnast svo hæfni sem er metin á hverju stigi, en nemandi byrjar með autt hæfnikort í 1., 5. og 8. bekk. Til þess að meta hvert hæfniviðmið er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- | | |
|--|----------------------|
| | Framúrskarandi |
| | Hæfni náð |
| | Á góðri leið |
| | þarfnað
þjálfunar |
| | Hæfni ekki
náð |
| | Ólokið |

- **Ólokið** ef nemandi tók ekki þátt í eða náði ekki að ljúka við verkefni sökum t.d. fjarveru.
- **Hæfni ekki náð** ef nemandi vann með ákveðið hæfniviðmið en náði ekki tökum á því.
- **þarfnað þjálfunar** ef nemandi þarfnað frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði sem unnið hefur verið með.
- **Á góðri leið** ef nemandi þarf bara ögn meiri vinnu með hæfniviðmiðið til þess að ná því.
- **Hæfni náð** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Framúrskarandi** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur.

Við lok 4. bekkjar eru allar námsgreinar metnar og nemandi fær útprentaðan vitnisburð með bókstaf í hverri námsgrein sem lýsir hæfni nemandans.

A	Mikill meirihluti hæfniviðmiða framúrskarandi, blá og örfá hæfni náð, græn.
B+	Meirihluti hæfniviðmiða framúrskarandi, blá, nokkur hæfni náð, græn og mjög fá á góðri leið, fjólublá.
B	Meirihluti hæfniviðmiða hæfni náð, græn, rými fyrir framúrskarandi, blá og á góðri leið, fjólublá, jafnvæl eitt og eitt þarfnað þjálfunar, gult.
C+	Hæfni á góðri leið, fjólublá er ríkjandi. Merkingar fjölbreyttar hjá nemandanum (grænt og blátt sést) og þarfnað þjálfunar, gult sést oft.
C	Meirihluti hæfniviðmiða á góðri leið, fjólublátt. Fá eða engin hæfni græn eða blá og þarfnað þjálfunar sést einnig víða.
D	Meirihluti hæfniviðmiða rauð, hæfni ekki náð. Mjög fáir nemendur eru hér. Alltaf þarf að skrifa skýringu með þessum bókstaf.


Íslenska

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk



Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum



Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið í íslensku í fjóra þætti: talað mál; hlustun og áhorf; lestar og bókmenntir og ritun og málfræði. Unnið er með hvert viðmið fyrir sig en einnig eru þau samþætt í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennsluefni og gögn

Fjölbreytt lesefni við hæfi. Fjölbreyttur texti til að þjálfa hraða og lesskilning og verkefni tengd þeim. Komdu og skoðaðu himingeiminn. Lesrún, lesskilningsbók.

Til grundvallar skriftarkennslunni verða bækurnar Skrift 3-5. Unnið er með fjölbreytt ritunarverkefni, uppbyggingu sögu eftir ákveðnum fyrirmælum og áhugasviðstengd verkefni.

Skinna 1 verkefnabók auk annarra verkefna frá kennara með áherslu á málfræði. Efling orðaforða og notkun orðasambanda er unnið með jafnt og þétt yfir skólaárið ásamt fjölbreyttum námsspilum.

Stuðst er við ýmiss lesskilningsverkefni af skolavefnum.is.

Námsmat

Notast er við símat sem byggir á reglugum verkefnum og könnunum. Nemendur fara þrisvar yfir skólaárið í lesfimipróf, í september, janúar og maí. Lesskilningskönnunin Orðarún er lögð fyrir í október og febrúar auk þess sem Aston Index stafsetningarkönnun er lögð fyrir í desember. Í ár verða ekki lögð fyrir samræmd próf í september eins og áður hefur tíðkast. Menntamálaráðuneytið vinnur nú við að endurbæta matstæknina og kynningu matsins er að vænta.

Notast er við leiðsagnarmat auk þess sem virkni er metin, skapandi vinnubrögð, frumkvæði og frágangur verkefna.


Eftirfarandi eru viðmið í raddlestri við lok 4. bekkjar

	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
4.bekkur	80 orð á mínútu	120 orð á mínútu	145 orð á mínútu


Stærðfræði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk



Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum



Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru hæfniviðmið í stærðfræði sett upp í 7 flokkum. Þrír flokkar snúa að almennum viðmiðum um hæfni í stærðfræði og þeir eru: að geta spurt og svarað með stærðfræði; að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar og vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar. Hinir flokkarnir snúa að hæfni á ólíkum sviðum stærðfræðinnar og þeir eru: tölur og reikningur; algebra; rúmfraði og mælingar og tölfræði og líkindi. Þó flokkað sé á þennan hátt mynda flokkarnir samfellda heild. Unnið er með hvert viðmið fyrir sig en einnig eru þau sambætt í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennsluefni og gögn

Aðal kennsluefnið er Sproti 4a og 4b nemendabók og æfingahefti. Í undirdjúpunum margföldun og deiling, ýmsar þrautalausnir og önnur verkefni. Einnig verður notast við stærðfræðiforrit í tölvu og Ipad. Nemendur þjálfist í að nota hjálpargögn eins og brotabúta, námsskil, talnagrindur, vasareiknir og einingakubba.

Námsmat

Nemandinn er metinn jafnt og þétt yfir skólaárið út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár og í því efni sem lagt hefur verið inn.

Samfélagsgreinar

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk			
Bent á tengsi valinna páttá í samfélagi, náttúru, trú og lífsviðhorfi, einkum í nærsamfélagini.	Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa.	Lýst kostnaði vegna eigin neyslu og átti sig á ymsum tilboðum sem hvetja til útgjálda og neyslu.	Komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlifð í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga.
Gert sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvisleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans.	Sett sér markmið og gert áætlunarir við úrlausn afmarkaðra verkefna.	Áttar sig á gildi jafnréttis í daglegum samskiptum.	Sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Ísland.
Sett sig inn í málnefni nærsamfélagsins.	Sagt frá gerð og mótuð íslensks samfélags fyrri og nú.	Nefnt dæmi um trúarlegar visanir í listum og bókmennum.	Bent á dæmi um hvernig sagan birtist í munum og minningum.
Rætt um réttindi sin og skyldur í nærsamfélagini og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.			
Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum			
Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.	Áttar sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.	Veit fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.	Sýnt tillitssemi og umhyggiu í leik og starfi.
Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.	Rætt um valin samfélagsleg og sífærðileg málnefni.	Áttar sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa.	Rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi.
Sagt frá dænum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir.	Áttar sig á að trúar- og lífsviðhorf fóiks birtast í mismunandi viðhorfum, síðum og venjum.	Aflað sér og nýtt vitnesku um samfélagsmálefni í námsgögnum og miðlum.	Sagt frá aburðum og persónum á völdum tínum, sem tengjast nærsamfélagini.
Lýst samhengi orða, athafna og afleidíngu.	Sett sig í spor annarra jafnaldra.	Sagt frá völdum þáttum og tímabilum í sögu fjölskyldu og heimabyggðar.	

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla skiptast hæfniviðmið í þrjá yfirflokk: reynsluheim; hugarheim og félagsheim. Reynsluheimur felur í sér umhverfi, samfélag, sögu og menningu. Hugarheimur felur í sér sjálfsmýnd - hæfni nemandans til að átta sig á sjálfum sér og öðrum. Félagsheimur felur í sér samskipti - hæfni nemandans til að mynda og þróa tengst sín við aðra. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

Kennsluefni og gögn

Bókin Komdu og skoðaðu himingeiminn. Landakortabækur og efni frá kennara. Við notum einnig bókina Ísland fyrr og nú. Unnið er með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Námsmat

Reglulega verður lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga. Jafnframt verður stuðst við sjálfsmat. Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrá.

Náttúrufraeði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði íbúa og umhverfi þeirra.	Greint á milli ólika sjónarmiða sem varða daglegs lífs.	Í mál og myndum miðla hugmyndum sem tengjast náttúruvísindum.	Tekið þátt í og sagt frá einföldum athugunum á jarðvegi, veðrun og rofi.
Tekið frumkvæði við óflum upplýsinga til að skoða tiltekið málæfni frá ýmsum sjónarhornum.	Skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins í náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð.	Lýst eiginleikum hijóðs og ljóss og ýmsum fyrirbærum með tiliti til hijóðs og lita.	Rætt hvernig upptinnningar hafa gert líf fólkis auðveldara eða erfíðara, á heimilum og í ólikum atvinnugreinum.
Sagt frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum.	Rætt fjölbreytni í nýtingu vatns á heimilum og í umhverfinu.	Útskýrt fæðukeðjur og rakið fæðu til frumframleiðenda.	Lýst landnotkun í heimabyggð.
Flokkad gerviefni og náttúruleg efni eftir tilurð þeirra.		Lýst skyunjun sinni og upplifun af breytingum á hijóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og likamann og tengt hitastig við daglegt líf.	
		Rætt krafta sem koma við sögu í daglegu lífi manna.	

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Gert grein fyrir þjónustu, sem náttúrulegir ferlar veita.	Notað ólikar heimildir við óflun upplýsinga.	Notað einföld hugtök úr náttúruvísindum í texta skrifum.	Rætt eigin líffsýn og gildi, gert sér grein fyrir samsplili náttúru og manns.
Tekið þátt í vali á náttúrufraeðilegum verkefnum og kynningu á niðurstöðum.	Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkomu hans byggist á samsplilinu við hana.	Unnið eftir verkferli nýsköpunar þ.e. Leitað að þörfum í daglegu umhverfi fólkis, fundið lausn, hannað afurð.	

Samkvæmt aðalnámskrá skiptast hæfniviðmið fyrir náttúrugreinar í fimm viðmið: geta til aðgerða; nýsköpun og hagnýting þekking; gildi og hlutverk vínsinda og tækni; vinnubrögð og færni í náttúrugreinum og efling ábyrgðar á umhverfinu. Unnið er með þessi viðmið sem eina heild út skólaárið.

Kennsluefni og gögn

Komdu og skoðaðu himingeiminn (bókin er samþætt með öðrum námsgreinum), netmiðlar og annað efni frá kennara. Halló heimur verkefnabók og lesbók á netinu.

Námsmat

Reglulega verður lagt mat á vinnu nemenda þ.e. frumkvæði, sköpun, tjáningu, hópavinnubrögð, vinnusemi, virkni og áhuga. Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrá.

Enska

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér tilit á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á innaki.	Skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gatlista.	Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjörðar menningarvæðisins, s.s. landfræðilegrar legu, staðháttu og þekktra staða.
Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.		Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.	Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni.	Skilið það mál sem notað er í kennslustofnum og brugðist við með orðum eða athöfnum.
---	--	--

Samkvæmt aðalnámskrá skiptast hæfniviðmið fyrir ensku í eftirfarandi viðmið: hlustun, lesskilning, samskipti og frásögn, ritun, menningarlæsi og námshæfni. Unnið er með hvert viðmið fyrir sig en einnig eru þau samþætt í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni. Unnið er með þessi viðmið út skólaárið.

Kennsluefni og gögn

Yes we can (vinnubók) ásamt fjölbreyttum verkefnum frá kennara.

Námsmat

Metinn er frágangur, virkni og vinnubrögð í tínum. Könnun lögð fyrir á hvorri önn ásamt símati. Unnið er út frá hæfniviðmiðum aðalnámsskrá.

Tónmennt

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Greint einföld tilbrigði í tónlist (t.d. íslensk þjóðlög).	Rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun.
--	--

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/ hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt.	Leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri.
---	---

Tónmennt er mikilvægur þáttur í lífi nemenda. Hún er leið til sköpunar, tjáskipta og oft án orða. Tónlistarkennsla á að efla næmi nemenda og þekkingu á frumþáttum tónlistar s.s. tónhæð, tónlengd, blæ og styrk svo eitthvað sé nefnt. Nemendur fá að kynnast mismunandi hljóðfærum og fjölbreyttri tónlist og tengingu hennar við líf og starf með ólíkri og lifandi nálgun. Þau fá tækifæri til þess að láta ljós sitt skína, tjá tilfinningar og hafa gaman.

Kennsluefni og gögn

Ýmsar bækur, gögn og verkefni frá kennara.

Námsmat

Símat á virkni, framförum, samvinnu og skilningi nemenda á viðfangsefni kennslustunda.

Hönnun og smíði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum og nýtt virknipætti í smíðagripum s.s vogaraf, gorma og teygjur.	Útskýrt á einfaldan hátt áhrif vinnu sinnar á umhverfið.	Gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans.	Valið verkefni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efní úr nærumhverfi.
Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum			
Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.	Unnið einföld verkefni í hópi.	Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.	Gengið frá eftir vinnu sina.
Valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.	Hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkum.	Dregið einfalda skissu og tvívíða teikningu til að útskýra hugmyndir sínar.	Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut með áherslu á form og útlit.
Lagt mat á eigin verk.			

Kennsla í hönnun og smíði á að taka mið af hæfileikum og getu einstaklingsins og stuðla að jákvæðu viðhorfi til greinarinnar. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður úlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Það getur falið í sér að endurgera eða breyta hugmynd eða hlut, t.d með tilliti til útlits eða virkni eða vinna með eitthvað nýtt og áður óþekkt. Í hönnunarkennslu lærir nemandinn að vera skapandi og hafa mórandi áhrif á umhverfi sitt.

Kennsluefni og gögn

Gögn og áhöld frá kennara.

Námsmat

Mat á hæfniviðmiðum út frá verkefnum og vinnu í tíma.

Heimilisfræði

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Tjáð sig um helstu kostnaðaríði við matargerð og heimillishald almennt.	Nýtt ýmsa miðla til að afla upplýsinga um einfaldar uppskriftir.		
Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum			
Farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.	Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.	Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.	Unnið einföld verkefni í hópi.
Gengið frá eftir vinnu sina.	Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og liðan.	Tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt.	Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.
Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar málitiðir.			
Lagt mat á eigin verk.			

Í heimilisfræði má finna tengingu á milli næringarfræði, matreiðslu og hreinlætis. Því er kennslan sampætt með verkefnum sem hafa tengsl við ofangreind hæfniviðmið en opinberar ráðleggingar (Lýðheilsustöðvar/Landlæknis) eru hafðar til hliðsjónar. Nemendur fá kennslu í grunnþáttum heimilisfræðinnar s.s þjálfun í hreinlæti og umgengni, þjálfun í mælieiningum og hvernig á að nota þær ásamt ýmsum áhöldum er tengjast matreiðslu. Í kennslueldhúsi fá nemendur þjálfun að elda og baka eftir ýmsum uppskriftum bæði bók og uppskriftir frá kennara. Þá læra nemendur um ýmiss næringarefni sem tilheyra fæðuhringnum og vinna sérstaklega með fæðuflokkana fitu ásamt próteinríkan mat s.s. fisk, kjöt, egg, baunir og hnetur.

Kennsluefni og gögn


Heimilisfræði 4 ásamt efni af vef og bækur frá kennara. Ýmis áhöld og hráefni úr kennslueldhúsi.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum og matsviðmiðum Aðalnámskrá grunnskóla. Námsmat er á formi símats á einstaklings- og hópverkefna í tínum.

Myndmennt

Hæfniviðmið



Í myndmennt læra nemendur að tjá sig án orða. Þeir geta ýmist unnið á gagnrýnnin hátt með málefni daglegs lífs eða með ímyndunaraflíð. Slík reynsla veitir nemendum forsendur til að læra að þekkja sjálfa sig bæði í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Skilningurinn verður bæði almennur og persónulegur, byggður á rannsóknum á raunveruleikanum og töfrum ímyndunaraflsins.

Kennsluefni og gögn

Ýmis áhöld og efni myndmenntarstofunnar. Ljósrit af verkefnum sem henta myndmenntarkennslu. Skjávarpi, bækur og ljósrit.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er í formi símats þar sem vinna, verkefni og umræður í tíma eru metnar. Nemendur eru einnig metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Námsmat er einnig í formi einstaklings- og hópverkefna í tínum.

Textílmennt

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Sagt frá nokkrum tegundum textilefna.	Sagt frá íslensku hráefni og unnið með það á einfaldan hátt.	Fjallað um mismunandi klaeðnað fólkis með tilliti til veðurfars, athafna og tilefna.	Notað ný og endurunni efni í textilvinnu.
---------------------------------------	--	--	---

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar.	Unnið eftir einföldum leiðbeiningum.	Skreytt textilvinnu á einfaldan hátt.	Gengið frá eftir vinnu sína.
Tjáð hugmyndir sinar með einfaldri skissu.	Notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum.	Unnið úr nokkrum gerðum textilefna.	Leitað að einföldum upplýsingum í nokkrum miðlum.
Gert grein fyrir mismunandi tegundum handverks og notað nokkur hugtök sem tengjast greininni.			

Textílmennt þjálfar nemendur í fínhreyfingum, samvinnu og eflir þrautseigju og elju. Hvernig við umgöngumst vinnustað og tæki hans. Unnin eru fjölbreytt verkefni þar sem nemendur fá tækifæri til að njóta sín og tjá sig með efnisvali eða skreytingum á verkefnum.

Kennsluefni og gögn

Bækur og gögn frá kennara.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er í formi símats þar sem vinna, verkefni og umræður í tíma eru metnar. Nemendur eru einnig metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Nemendur sýna öðrum virðingu og góða framkomu í tímum.

Skólaíþróttir

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk

Útskýrt líkamlegan mun á kynjum.

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem eru sameiginleg með öðrum bekkjum

Gert æfingar sem reyna á þol.	Gert hreyfingar sem reyna á stöðujafnvægi og hreyfijafnvægi.	Sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lípurð og samhæfingu.	Sýnt nokkrar boltafærni og tekið þátt í nokkrum mismunandi boltaleikjum.
Tekið þátt í stöðluðum prófum.	Kafað, velt sér af kvið á bak og öfugt og tekið þátt í leikjum í vatni.	Unnið með þær tilfinningar sem fylgja því að vinna og tapa í leikjum.	Skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum.
Gert sér grein fyrir eigin líkamsvitund og einkastöðum líkamans.	Tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum.	Sótt og unnið úr einföldum upplýsingum varðandi íþróttir.	Gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum.
Notað einföld hugtök sem tengjast sundíðkun, íþróttum og líkamlegri áreynslu.	Tekið þátt í útvist og búið sig til útveru með tilliti til veðurs. Ratað um skólahverfi sitt og þekkt göngu- og hjólaleiðir nærumhverfis.	Farið eftir öruggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og íþróttahúsa og brugðist við óhöppum.	Synt spordtök, bringusund, skólabaksund, baksund og skriðsund með eða án hjálpartækja stuttar vegalengdir.

Í aðalnámskrá frá árinu 2013 eru hæfniviðmiðin sett fram undir fjórum mismunandi flokkum; líkamsvitund, leikni og afkastageta mynda þann fyrsta, síðan félagslegir þættir, þá beiting þekkingar

varðandi heilsu og að síðustu öryggisþættir. Unnið er með hvern þátt fyrir sig en einnig eru þeir samþættir í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á fleiri en eina hæfni.

Kennsluefni og gögn

Stór og smá áhöld til sund- og íþróttaiðkunar. Nemendum er skylt að koma með leikfimis- og sundfatnað og handklæði til að fara í sturtu að tíma loknum.


Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er á formi símats, þar sem nemendur taka próf og leysa fjölbreytt verkefni í hópi eða sem einstaklingar. Einnig eru nemendur metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Nemendur þurfa að sýna öðrum virðingu og góða framkomu. Metið er frumkvæði nemanda, hæfni þeirra til að nota þekkingu og leikni í tímum.

Upplýsinga- og tæknimennt

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið úr Aðalnámskrá grunnskólanna sem aðeins er farið í 4. bekk



Í upplýsinga- og tæknimennt læra nemendur að umgangast þann tæknibúnað sem skólinn býr að og hvernig nota skal tæknina. Nemendur læra að vera stafrænir samfélagsþegnar og læra þannig um þær jákvæðu hliðar hins stafræna heims sem og hæturnar sem þær geta leynst.

Kennsluefni og gögn

Kennsluefni er tengt hæfniviðmiðum og unnið samkvæmt þeim. Nemendur nýta tölvur í tölvuveri og vinna mest allt gegnum í Microsoft Office og þeim forritum sem fylgja því. Einnig er mikið unnið á netvöfrum s.s. Google og Microsoft Edge, svo og teikni- og myndaforrit ýmiskonar.

Námsmat

Nemendur eru metnir út frá hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskólanna. Námsmat er í formi símats þar sem vinna og verkefni í tíma eru metnar. Nemendur eru einnig metnir út frá þátttöku og virkni í kennslustundum. Námsmat er einnig í formi einstaklings- og hópverkefna í tímum.

Fjölval

Kennslulýsing: Nemendum á yngsta stigi er skipt í hópa þvert á árganga. Í þessum hópum er brotið upp hefðbundið skólastarf og leitast eftir að hafa fjölbreytt viðfangsefni fyrir hvern hóp. Hóparnir byrja á því að fara einu sinni á hverja stöð og að því loknu geta nemendur valið sér stöð vikulega.

Kennsluefni og gögn

Hver kennari útvegar efni og kennslugögn fyrir sína stöð. Stöðvar eru m.a. leir, einingakubbar, tölvur, kahoot, enska, félagsfærni, ýmsir leikir og föndur.

Markmið:

- Að nemendur öðlist reynslu í starfi með ólíkum aldurshópum.
- Að viðfangsefni verði fjölbreytt og við hæfi allra nemenda.
- Að virkja áhuga og vinnusemi nemenda.
- Að nemendur öðlist nýja sýn á skólastarfið þar sem nýbreytni er ríkjandi.

Þannig er stuðlað að eftirfarandi þáttum í lykilhæfni aðalnámskrá grunnskóla, að nemandi við lok 4. bekkjar geti:

- tekið þátt í samræðum og tjáð sig í samskiptum við aðra.
- sýnt frumkvæði og verið skapandi í vinnu og lausn verkefna.
- verið sjálfstæður og virkur í hópastarfi.
- geti aflað sér og miðlað upplýsingum á fjölbreyttan hátt.
- fylgt fyrirmælum og læri að nýta tíma sinn vel til vinnu.